

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 9494. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 28. janúar 2016
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Svanur Tómasson Embættismaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður, Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari, Davíð Viðarsson Embættismaður og Jóhann Már Þórisson 1. varamaður.

Fundargerð ritaði: Ásdís Lilja Pétursdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

- 1. 1601011 - Gilsbakki Hellissandi_umsókn um lóð fyrir atvinnu og /eða íbúðarhúsnæði**
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en frestar afgreiðslu fram að næsta fundi.
- 2. 1601010 - Verslunar- og þjónustulóðir Arnarstapa_ósk um að láta ganga frá deiliskipulagstillögu fyrir verslunar- og þjónustulóðir á Arnarstapa vegna söluvagna og söluskála**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að unnið verði deiliskipulag út frá tillögu A um sex lóðir og sett í skipulagsferli.
- 3. 1601012 - Ströndin við Stapa og Hellnar - friðland_ósk eftir heimild að vinna deiliskipulag fyrir friðlandið og að skipulagslýsingin fari í lögbundið kynningarferli**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 4. 1601013 - Hesthúsasvæði Ólafsvíkur_deiliskipulag vegna reiðskemmu**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 5. 1501009 - Skarðsvík_ósk um vinnu að deiliskipulagi fyrir Skarðsvík og umhverfi í Snæfellsjökulsþjóðgarði.**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 6. 1601005 - Dæluhús Ólafsvík_umsókn um leyfi til að klæða dæluhúsið og setja á það nýtt þak vegna leka**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

7. **1601004 - Keflavíkurgata 2_umsókn um leyfi til að klæða vesturgafi í skoti, ca. 25 fm.**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
8. **1601003 - Hafnargata 16_Frystiklefinn. Umsókn um starfsleyfi fyrir hjólhýsa-, smáhýsa- og tjaldsvæði**
Drífa viku af fundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu. Tjaldsvæði samræmist ekki stefnu bæjaryfirvalda um landnotkun á svæðinu.
9. **1601002 - Hafnargata 16_Frystiklefinn sækir um leyfi til að setja upp þrjú þjónustuskiliti.**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar. Endanlegar útfærslur verða unnar í samráði við Tæknideild.
10. **1601001 - Ólafsbraut 24_Umsókn um leyfi til að setja 2 glugga á hlið hússins skv. teikningu**
Drífa kemur inn.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki meðeiganda hússins og Eldstoða.
11. **1601009 - Ennisbraut 11_Umsókn um leyfi til að klæða norðurhlið á gamla skólanum**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
12. **1601006 - Norðurtangi/hafnarsvæði_umsókn um stöðuleyfi fyrir söluvagn**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi til eins árs með um fyrirvara um samþykki hafnarstjórnar. Staðsetning yrði valin í samráði við byggingarfulltrúa.
Nefndin bendir á að tilskilin leyfi til rekstrar verði að liggja fyrir.
13. **1601007 - Arnarstapi_umsókn um stöðuleyfi fyrir söluvagn**
Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar stöðuleyfi á umbeðnum stað en bendir á að unnið er að skipulagi þjónustulóða fyrir þess konar leyfi. Nefndin samþykkir hinsvegar leyfið á skipulagðri þjónustulóð fyrir slíka vagna og felur byggingarfulltrúa að finna hentuga staðsetningu með umsækjanda.
Nefndin bendir á að tilskilin leyfi til rekstrar verði að liggja fyrir.
14. **1601008 - Arnarstapi_Fyrirspurn um leyfi fyrir söluvagn**

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi til eins árs á skipulagðri þjónustulóð fyrir slíka starfsemi.
Nefndin bendir á að tilskilin leyfi til rekstrar verði að liggja fyrir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15.